

## **Skuldabréf FÍ Fasteignafélags slhf.**

### **Birting lýsingar**

Útgefandi: FÍ Fasteignafélag slhf., kennitala: 571212-0210, Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík.

FÍ Fasteignafélag hefur birt lýsingu sem samanstendur af samantekt dagsettri 19. júní 2014, verðbréfalýsingu dagsettri 19. júní 2014 og útgefandalýsingu dagsettri 6. september 2013, eins og henni var breytt með verðbréfalýsingu útgefanda, dags. 7. febrúar 2014 og uppfærð er í 8. kafla verðbréfalýsingar dagsettri 19. júní 2014. Lýsingin er birt í tengslum við fyrirhugaða töku viðbótarútgáfu skuldabréfa í skuldabréfaflokknum FIF 13 01 til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Lýsingin er gefin út á íslensku. Útprentuð eintök af lýsingunni má nálgast á skrifstofu útgefanda að Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu félagsins, <http://www.fifasteignir.is/fi-fasteignafelag-slhf.html>

### **Nafnverð útgáfu**

Útgefandi hefur safnað áskriftarloforðum frá fjárfestum fyrir 9.925.000.000 íslenskra króna í samræmi við ákvæði samþykktu og skilmála félagsins. Á grundvelli fyrrgreindra áskriftarloforða skuldbinda fjárfestar sig til þess að fjárfesta í i) hlutabréfum og ii) skuldabréfum útgefnum af útgefanda. Útgefanda mun þannig vera heimil útgáfa skuldabréfa á grundvelli áskriftarloforðanna fyrir allt að 7.940.000.000 íslenskra króna. Áður hafa verið gefin út 1.395.582.095 kr. að nafnvirði og viðbótarútgáfa nú er 832.887.565 kr. að nafnvirði. Heildarfjárhæð nýttar heimildar er því 2.228.469.660 íslenskra króna.

### **Áætluð taka skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.**

Sótt hefur verið um töku bréfanna til viðskipta samhliða útgáfu þeirra. Áætlað er að NASDAQ OMX Iceland hf. taki til viðskipta seld skuldabréf að nafnvirði 832.887.565 íslenskra króna í fyrsta lagi þann 24. júní 2014.

### **Skilmálar skuldabréfanna**

Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og bera fasta 5,0% vexti. Vextir greiðast fjórum sinnum á ári, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember, af verðtryggðum höfuðstól, en höfuðstóll greiðist á lokagjalddaga þann 1. ágúst 2028. Útgáfudagur bréfanna var 20. júlí 2013. Fyrsti greiðsludagur vaxta er 1. ágúst 2014.

### **Auðkenni skuldabréfaflokksins**

Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. er FIF 13 01, ISIN númer bréfanna er IS IS0000022770. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Verðbréfasráningu Íslands hf. í 1. kr. nafnverðseiningum.

**Reykjavík, 20. júní 2014**

**Stjórn FÍ Fasteignafélags slhf.**